# Hampiðjan hf.

## Ársreikningur 2001

# Ársreikningur 2001

**Efnisyfirlit:** **Bls.**


Áritun stjórnenda........................................................................................ 1
Áritun endurskoðenda................................................................................ 2
Rekstrarreikningur...................................................................................... 3
Efnahagsreikningur.................................................................................. 4 - 5
Sjóðstreymi.............................................................................................. 6
Skýringar.................................................................................................. 7 - 13



Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Bíldshöfða 9
Reykjavík

# ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningur félagsins og samstæðureikningur þess og dótturfélaganna Balmar Fios Lda. í Portúgal, Hampidjan Namibia Ltd. í Namibíu, Hampidjan New Zealand Ltd. á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA Ltd. í Bandaríkjunum, Trawl Investments Ltd. á Írlandi, Cosmos Trawl a/s í Danmörku og AS Hafi Ltd í Noregi eru í meginatriðum gerðir eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna móðurfélags og útreikningur á áhrifum almennra verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir móðurfélagsins er byggt á hækkun neysluverðsvísitölu á árinu, sem var 8,61%. Í skýringum við ársreikning móðurfélagsins er getið um afkomu og eiginfjárstöðu dótturfélaganna.

## SAMSTÆÐA

Söluverðmæti samstæðunnar á árinu var 3.293 milljónir króna sem er 46% meira en árið áður. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 404, en voru 342 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 1.123 milljónum, þar af voru 130 milljónir launatengd gjöld.

## MÓÐURFÉLAG

Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður félagsins 175 milljónir króna. Söluverðmæti móðurfélagsins á árinu var 1.808 milljónir króna sem er 14% meira en árið áður. Unnin ársverk hjá móðurfélaginu voru 166, en voru 178 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 573 milljónum, þar af voru 75 milljónir launatengd gjöld.

Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam í árslok 1.637 milljónum og eiginfjárhlutfall var 42%. Hlutafé í árslok nam 495 milljónum króna og innra virði félagsins var því 3,3. Síðasta skráða viðskiptagengi með hlutabréf félagsins á sl. ári var 4,3.

Fjöldi hluthafa í félaginu var 467 í árslok, en var 486 í ársbyrjun. Í árslok átti Vogun hf. 13,3% og Íslandsbanki-FBA hf 12,6% af hlutafé félagsins, en aðrir hluthafar áttu minna en 10%.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 8% arður til hluthafa á árinu 2002.

Stjórn Hampiðjunnar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins og samstæðureikning fyrir árið 2001 með undirritun sinni.

Reykjavík 1. mars 2002

Stjórn:

Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson — Kristján Loftsson

Sigurgeir Guðmannsson — Unnur Þórðardóttir

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

# ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

**Til Stjórnar og hluthafa í Hampiðjunni hf.**

Við höfum endurskoðað ársreikning Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 25 fyrir móðurfélag og samstæðu. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar, byggt á okkar eigin athugunum og áritunum annarra endurskoðenda á ársreikninga dótturfélaga, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu móðurfélagsins og samstæðunnar á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík 1. mars 2002

**PricewaterhouseCoopers ehf**

Ómar H. Björnsson

Þórir Ólafsson

Ég undirritaður kjörinn skoðunarmaður Hampiðjunnar hf. hef farið yfir ársreikning þennan. Hef ég í skoðun minni ekkert fundið athugavert og legg til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 1. mars 2002

Soffía Guðmundsdóttir

# REKSTRARREIKNINGUR 2001

| | Skýr. | **Samstæða 2001** | Samstæða 2000 | **Móðurfélag 2001** | Móðurfélag 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR** | | | | | |
| Seldar vörur............................................ | | **3.292.857** | 2.249.663 | **1.808.179** | 1.586.346 |
| **REKSTRARGJÖLD** | | | | | |
| Hráefni..................................................... | | **1.447.408** | 856.179 | **843.206** | 677.496 |
| Vinnulaun við framleiðslu.......................... | | **812.360** | 671.274 | **449.752** | 412.083 |
| Ýmis rekstrargjöld..................................... | | **771.016** | 562.257 | **386.987** | 376.637 |
| Afskriftir.................................................... | 3,9 | **112.027** | 85.111 | **56.631** | 45.603 |
| Birgðabreyting afurða................................ | | **(66.714)** | (54.190) | **(69.285)** | (7.389) |
| | | **3.076.097** | 2.120.631 | **1.667.291** | 1.504.430 |
| **Rekstrarhagnaður** | | **216.760** | 129.032 | **140.888** | 81.916 |
| **FJÁRMAGNSGJÖLD OG FJÁRMUNATEKJUR** | | | | | |
| Vextir af langtímaskuldum......................... | | **(181.637)** | (82.637) | **(148.440)** | (78.595) |
| Önnur vaxtagjöld og fjármunatekjur........... | | **(50.942)** | 1.771 | **(29.687)** | 19.308 |
| | 24 | **(232.579)** | (80.866) | **(178.127)** | (59.287) |
| Áhrif af rekstri dótturfélaga | | **0** | 0 | **12.023** | 14.502 |
| (Tap) hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld | | **(15.819)** | 48.166 | **(25.216)** | 37.131 |
| **AÐRAR TEKJUR (GJÖLD)** | | | | | |
| Söluhagnaður fastafjármuna..................... | 8,12 | **98.275** | 231.420 | **106.562** | 231.420 |
| Gjaldfærður langtímakostnaður................. | | **0** | (89.045) | **0** | (84.790) |
| | | **98.275** | 142.375 | **106.562** | 146.630 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | **82.456** | 190.541 | **81.346** | 183.761 |
| Eignarskattur............................................ | | **(7.827)** | (6.191) | **(7.827)** | (6.191) |
| Tekjuskattur............................................. | 15 | **103.876** | (52.348) | **101.932** | (52.364) |
| Hagnaður eftir skatta | | **178.505** | 132.002 | **175.451** | 125.206 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga. | | **(3.054)** | (6.796) | | |
| **Hagnaður ársins** | | **175.451** | 125.206 | **175.451** | 125.206 |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2001

| EIGNIR | Skýr. | **Samstæða 2001** | Samstæða 2000 | **Móðurfélag 2001** | Móðurfélag 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| **FASTAFJÁRMUNIR** | | | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | | | |
| Langtímakostnaður | 13 | **42.522** | 0 | **0** | 0 |
| | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir | 3,9,11 | **1.363.263** | 950.019 | **649.792** | 611.621 |
| Vélar, áhöld og tæki | 3,9 | **705.610** | 527.699 | **431.011** | 343.462 |
| | 9-12 | **2.068.873** | 1.477.718 | **1.080.803** | 955.083 |
| | | | | | |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 7,8 | **445.545** | 540.682 | **1.174.049** | 1.033.968 |
| Lán til dótturfélaga | | | | **142.990** | 133.879 |
| Skuldabréf og langtímakröfur | | **192.918** | 54.535 | **180.734** | 54.537 |
| | | **638.463** | 595.217 | **1.497.773** | 1.222.384 |
| **Fastafjármunir samtals** | | **2.749.858** | 2.072.935 | **2.578.576** | 2.177.467 |
| | | | | | |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | | | | | |
| Vörubirgðir | 6 | **1.258.768** | 950.527 | **541.034** | 459.812 |
| Viðskiptakröfur | | **883.907** | 656.843 | **339.127** | 379.680 |
| Aðrar skammtímakröfur | | **31.776** | 57.500 | **25.980** | 57.500 |
| Viðskiptakröfur á dótturfélög | | | | **388.383** | 137.847 |
| Handbært fé | | **34.746** | 37.762 | **361** | 5.569 |
| **Veltufjármunir samtals** | | **2.209.197** | 1.702.632 | **1.294.885** | 1.040.408 |
| | | | | | |
| **Eignir samtals** | | **4.959.055** | 3.775.567 | **3.873.461** | 3.217.875 |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2001

| EIGIÐ FÉ OG SKULDIR | Skýr. | **Samstæða 2001** | Samstæða 2000 | **Móðurfélag 2001** | Móðurfélag 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| **EIGIÐ FÉ** | | | | | |
| Hlutafé........................................................ | 16 | **495.125** | 482.625 | **495.125** | 482.625 |
| Annað eigið fé............................................. | 17-19 | **1.141.601** | 816.814 | **1.141.601** | 816.814 |
| **Eigið fé samtals** | 17-19 | **1.636.726** | 1.299.439 | **1.636.726** | 1.299.439 |
| Hlutdeild minnihluta.................................... | 2 | **266.826** | 151.347 | | |
| **SKULDIR** | | | | | |
| Skuldbindingar: | | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding............................. | 15 | **181.854** | 275.249 | **156.470** | 248.731 |
| Langtímaskuldir: | | | | | |
| Langtímaskuldir.......................................... | 14 | **1.388.165** | 1.125.711 | **1.017.581** | 1.007.580 |
| Skammtímaskuldir: | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir............................. | | **492.138** | 239.012 | **492.138** | 219.461 |
| Viðskiptaskuldir........................................... | | **750.967** | 520.627 | **219.377** | 161.966 |
| Ógreitt vegna hlutafjárkaupa....................... | | **0** | 52.292 | **0** | 52.292 |
| Skuld við dótturfélög.................................. | | | | **179.889** | 142.346 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda......... | 14 | **227.282** | 101.023 | **162.263** | 78.564 |
| Ógreidd opinber gjöld................................. | | **15.097** | 10.867 | **9.017** | 7.496 |
| | | **1.485.484** | 923.821 | **1.062.684** | 662.125 |
| **Skuldir samtals** | | **3.055.503** | 2.324.781 | **2.236.735** | 1.918.436 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **4.959.055** | 3.775.567 | **3.873.461** | 3.217.875 |
| Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar..... | 20-23 | | | | |

# SJÓÐSTREYMI 2001

| | Skýr. | **Samstæða 2001** | Samstæða 2000 | **Móðurfélag 2001** | Móðurfélag 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| **REKSTRARHREYFINGAR** | | | | | |
| Hagnaður ársins............................................ | | **175.451** | 125.206 | **175.451** | 125.206 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir......................................................... | 9 | **112.027** | 85.111 | **56.631** | 45.603 |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga...... | 3 | **(56.412)** | (20.832) | **(56.412)** | (20.832) |
| Hækkun (lækkun) tekjuskattsskuldbindingar... | 15 | **(103.876)** | 56.631 | **(101.932)** | 52.364 |
| Verðb. og gengismunur af langtímask. og kröf | | **196.585** | 57.704 | **181.946** | 61.733 |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga....................... | | | | **(12.023)** | (14.502) |
| Söluhagnaður fastafjármuna........................... | 8,9,12 | **(116.897)** | (231.420) | **(116.502)** | (231.420) |
| Afskrifuð hlutabréfaeign.................................. | | **18.228** | | **9.940** | |
| Gjaldfærður langtímakostnaður....................... | | | 89.045 | | 84.790 |
| **Veltufé frá rekstri** | | **225.106** | 161.445 | **137.099** | 102.942 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Lækkun (hækkun) skammtímakrafna............. | | **102.406** | (105.806) | **(247.224)** | (86.551) |
| Lækkun (hækkun) birgða................................ | | **(153.304)** | (240.667) | **(81.222)** | (53.254) |
| (Lækkun) hækkun skammtímaskulda............. | | **(131.570)** | 141.186 | **159.091** | 11.844 |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | **42.638** | (43.842) | **(32.256)** | (25.019) |
| **FJÁRFESTINGAHREYFINGAR** | | | | | |
| Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum..... | | | (414.200) | **(25.353)** | (464.390) |
| Seldir eignarhlutar í öðrum félögum................ | | **21.891** | 205.941 | **20.000** | 205.941 |
| Hluthafalán, breyting...................................... | | | | **8.998** | (69.932) |
| Skuldabréf og langtímakröfur, breyting........... | | **21.446** | (53.404) | **21.446** | (53.404) |
| Langtímakostnaður......................................... | | **(25.456)** | (14.210) | | (14.210) |
| Lóð................................................................. | 9 | **9.130** | 64.500 | **9.130** | 64.500 |
| Fasteign......................................................... | 9 | **(8.616)** | (45.391) | **(5.377)** | (4.852) |
| Vélar, áhöld og bifreiðar................................. | 9 | **(128.524)** | (145.843) | **(100.238)** | (69.073) |
| Seldir fastafjármunir....................................... | | **9.575** | 450 | **9.609** | 450 |
| | | **(100.554)** | (402.157) | **(61.785)** | (404.970) |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR** | | | | | |
| Skammtímalán, hækkun (lækkun).................. | | **212.928** | (130.576) | **213.919** | (122.152) |
| Tekin ný langtímalán...................................... | | **27.843** | 810.263 | | 750.000 |
| Breyting hlutafjár............................................ | | | (60.164) | | (60.164) |
| Arður greiddur til hluthafa............................... | | **(38.610)** | (58.453) | **(38.610)** | (58.453) |
| Afborgun langtímalána................................... | | **(155.800)** | (99.157) | **(86.476)** | (85.921) |
| | | **46.361** | 461.913 | **88.833** | 423.310 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé.................** | | **(11.555)** | 15.914 | **(5.208)** | (6.679) |
| Handbært fé í byrjun árs................................. | | **46.301** | 21.848 | **5.569** | 12.248 |
| **Handbært fé í lok árs....................................** | | **34.746** | 37.762 | **361** | 5.569 |

# SKÝRINGAR

## REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður. Hann hefur að geyma reikningsskil samstæðunnar og móðurfélagsins.

   Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlausn, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2. Eignarhlutar í dótturfélögum, utan Poly Ice Mexicó Ltd., eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar í bókfærðu eigin fé þeirra í lok ársins að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Í samstæðunni er hlutdeild minnihluta kr. 3,1 milljónir í afkomu dótturfélaga sérgreind í rekstrarreikningi og hlutdeild minnihluta í eigin fé kr. 266,9 milljónir er sérgreind í efnahagsreikningi.

   Reikningsskil samstæðunnar innihalda í fyrsta sinn dótturfélögin Cosmos Trawl a/s í Danmörku og AS Hafi ltd. í Noregi. Í samstæðunni eru helstu viðskipti milli móðurfélags og dótturfélaga ekki meðtalin. Vegna smæðar Poly-Ice Mexicó Ltd. er rekstur og efnahagur þess félags ekki í samstæðureikningi. Í reikningsskilum samstæðunnar eru notaðir endurskoðaðir ársreikningar dótturfélaganna, utan reikningsskila Hampidjan USA, en þar er notað uppgjör félagsins sem er óendurskoðað.
   Áhrif móðurfélags og dótturfélaga á ársreikninginn er sem hér segir:

| | Hagnaður | Bókf. eigið fé |
|---|---|---|
| Móðurfélag, Hampiðjan hf. | 162.997 | 907.650 |
| Samtals eigið fé dótturfélaga | | 995.902 |
| Hlutdeild minnihluta | | (266.826) |
| **Dótturfélög:** | | |
| Hluti í afkomu dótturfélaga fyrir skatta | 12.023 | |
| Skattar dótturfélaga | 431 | |
| Samstæða | 175.451 | 1.636.726 |

3. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu móðurfélagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun neysluverðsvísitölu innan ársins, sem var 8,61%. Varanlegir rekstrarfjármunir móðurfélagsins eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til loka ársins með hækkun neysluverðsvísitölu innan ársins. Varanlegir rekstrarfjármunir erlendu dótturfélaganna eru eignfærðir miðað við gengi í lok ársins. Fjárfesting móðurfélags í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu er endurmetin til verðlags í árslok.

   Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti af stofnverði. Hjá móðurfélagi eru afskriftir færðar til meðalverðlags.

| | Afskriftarhlutföll | Niðurlagsverð |
|---|---|---|
| Fasteignir | 1,5 til 5% | 10% |
| Vélar og áhöld | 8 til 25% | 0 - 12% |

   Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir móðurfélagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn og mynda reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 56,4 milljónir. Hinar reiknuðu tekjur og gjöld eiga að endurspegla þá raunvirðisrýrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldum í verðbólgu og á færslan sér mótvægi í hráefnanotkun, birgðabreytingu afurða, fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum.
   Hinar reiknuðu tekjur og gjöld sundurliðast eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Gjaldfærsla til leiðréttingar á hráefnanotkun | (15.820) |
| Gjaldfærsla til leiðréttingar á birgðabreytingu afurða | (25.418) |
| Gjaldfærsla vegna annarra liða | (12.779) |
| Tekjufærsla til leiðréttingar á verðbótum og gengismun langtímaskulda | 110.429 |
| Nettó til tekna | 56.412 |

   Endurmatshækkun varanlegra rekstrarfjármuna og verðbreytingarfærsla eru færð í endurmatsreikning meðal eiginfjárliða í efnahagsreikningi.

4. Viðskiptakröfur eru færðar niður um kr. 64 milljónir í efnahagsreikningi móðurfélagsins og um kr. 79,3 milljónir hjá samstæðunni. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslureikningurinn greinist á eftirfarandi hátt:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í byrjun árs | 87.120 | 67.000 |
| Endanlega tapaðar kröfur á árinu | (21.659) | (11.825) |
| Breyting á niðurfærslu á árinu | 13.887 | 8.825 |
| Niðurfærsla í lok árs | 79.348 | 64.000 |

5. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins og áfallinn gengismunur á höfuðstól peningalegra eigna og skulda móðurfélagsins er færður í rekstrarreikning. Rekstrartekjur og -gjöld erlendu dótturfélaganna eru færð á meðalgengi ársins.

6. Vörubirgðir eru metnar á framleiðslukostnaðarverði eða raunvirði, hvort sem lægra reynist. Framleiðslukostnaðarverð samanstendur af beinum framleiðslukostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Birgðir sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Afurðir | 473.798 | 347.209 |
| Vörur í vinnslu | 9.508 | 9.508 |
| Afurðir og vörur í vinnslu samtals | 483.306 | 356.717 |
| Hráefni og vörur til endursölu | 775.462 | 184.317 |
| Birgðir samtals | 1.258.768 | 541.034 |

## EIGNARHLUTAR Í ÖÐRUM FÉLÖGUM

7. Eignarhlutir í hlutafélögum greinast þannig:

| | Hlutdeild | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Erlend dótturfélög:** | móðurfélags | Nafnverð | Bókfært verð | Nafnverð | Bókfært verð |
| Hampidjan USA | 80,0% | | | 72 | 6.055 |
| Hampidjan Namibia | 100,0% | | | 5.868 | 22.190 |
| Hampidjan New Zealand | 100,0% | | | 10.773 | 65.038 |
| Balmar Fios, Portúgal | 90,0% | | | 75.857 | 256.041 |
| Trawl Investments, Írlandi | 60,3% | | | 43 | 242.277 |
| Poly Ice Mexico | 71,0% | 7.357 | 5.120 | 7.357 | 5.120 |
| Cosmos Trawl, Danmörku | 60,0% | | | 121.622 | 118.571 |
| AS Hafi ltd., Noregi | 61,3% | | | 1.399 | 18.904 |
| Samtals | | 7.357 | 5.120 | 222.991 | 734.196 |
| **Óskráð hlutdeildarfélög:** | | | | | |
| Candís | 50,0% | 250 | 32.011 | 250 | 32.011 |
| **Félög á hlutabréfamarkaði:** | | | | | |
| Grandi hf | 8,7% | 128.506 | 225.248 | 128.506 | 225.248 |
| Útgerðarfélag Akureyringa hf | 1,8% | 17.413 | 50.312 | 17.413 | 50.312 |
| Íslandsbanki-FBA hf | 0,0% | 140 | 140 | 140 | 140 |
| Vaki - DNG hf | 26,3% | 16.961 | 68.579 | 16.961 | 68.579 |
| Samtals | | 163.020 | 344.279 | 163.020 | 344.279 |
| **Önnur félög:** | | | | | |
| Scandsea AB | 2,0% | 330 | 46.446 | 330 | 46.446 |
| Set ehf | 8,0% | 783 | 7.528 | 783 | 7.528 |
| Fiskeldi Eyjafjarðar hf | | 4.661 | 7.554 | 4.661 | 7.554 |
| Fiskmarkaður Íslands hf | | 724 | 759 | 724 | 759 |
| Máttarstólpar ehf | | 450 | 818 | 450 | 818 |
| Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf. | | 329 | 388 | 329 | 388 |
| Önnur félög | | 642 | 642 | 59 | 70 |
| Samtals | | 7.919 | 64.135 | 7.336 | 63.563 |
| Eignarhlutir samtals | | 178.546 | 445.545 | 393.597 | 1.174.049 |

Eignarhlutur í Vaka DNG hf. er færður á kaupverði. Eignarhlutur í Poly Ice Mexico er færður niður um kr. 10 millj. Vísað er í skýringu nr. 2 varðandi eignarhluti í dótturfélögum. Aðrir eignarhlutir eru færðir á framreiknuðu kaupverði

Trawl Investments Ltd.,á Írlandi er eignarhaldsfélag um hlutabréf veiðarfæragerðarinnar Swan Net Ltd. á sama stað.

8. Bókfært verð hlutabréfa í ársreikningnum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands hf. er kr. 344,3 milljónir en markaðsverðmæti þeirra miðað við síðasta skráða viðskiptagengi er kr. 798,5 milljónir. Breytingar markaðsverðmætis skráðra eignarhluta og sundurliðun annarra tekna og gjalda í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | Nafnverð | Bókfært verð | Markaðsverð | Hagnaður (tap) |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun............................................. | 162.986 | 322.435 | 732.342 | |
| Seld hlutabréf í Stefju ehf. ................................ | | | | 15.459 |
| Gjaldfærð hlutabréf í Poly Ice Mexico................ | | | | (9.940) |
| Endurmat ársins............................................... | | 21.844 | | |
| Hækkun markaðsverðs skráðra hlutabréfa......... | | | 66.157 | |
| Staða í lok árs.................................................. | 162.986 | 344.279 | 798.499 | 5.519 |
| Söluhagnaður lóðar.......................................... | | | | 98.652 |
| Annar söluhagnaður.......................................... | | | | 2.391 |
| Aðrar tekjur samtals móðurfélag........................ | | | | 106.562 |
| Gjaldfærð hlutabréf í Redes Cosmos................. | | | | (8.287) |
| Aðrar tekjur samtals samstæða......................... | | | | 98.275 |

## VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

| **Samstæða:** | Fasteignir | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun.................................................................. | 1.584.940 | 1.532.602 | 3.117.542 |
| Endurmat og gengismunur........................................................ | 178.398 | 180.648 | 359.046 |
| Viðbót....................................................................................... | 8.616 | 128.607 | 137.223 |
| Selt og niðurlagt......................................................................... | (4.994) | (3.421) | (8.415) |
| Stofnverð í lok árs...................................................................... | 1.766.960 | 1.838.436 | 3.605.396 |
| | | | |
| Afskrifað áður............................................................................ | 339.128 | 947.631 | 1.286.759 |
| Endurmat og gengismunur........................................................ | 33.238 | 111.516 | 144.754 |
| Afskrift færð út........................................................................... | (112) | (1.002) | (1.114) |
| Afskrifað á árinu......................................................................... | 31.443 | 74.681 | 106.124 |
| Afskrifað alls.............................................................................. | 403.697 | 1.132.826 | 1.536.523 |
| | | | |
| Bókfært verð í lok árs................................................................ | 1.363.263 | 705.610 | 2.068.873 |

**Móðurfélag:**

| | Fasteignir | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 920.773 | 971.488 | 1.892.261 |
| Endurmat | 79.292 | 90.559 | 169.851 |
| Viðbót | 5.377 | 100.237 | 105.614 |
| Selt og niðurlagt | (4.994) | (3.338) | (8.332) |
| Stofnverð í lok árs | 1.000.448 | 1.158.946 | 2.159.394 |
| | | | |
| Afskrifað áður | 309.152 | 628.027 | 937.179 |
| Endurmat | 27.210 | 58.685 | 85.895 |
| Afskrift færð út | (112) | (1.002) | (1.114) |
| Afskrifað á árinu | 14.406 | 42.225 | 56.631 |
| Afskrifað alls | 350.656 | 727.935 | 1.078.591 |
| | | | |
| Bókfært verð í lok árs | 649.792 | 431.011 | 1.080.803 |

Afskriftir skv. rekstrarreikningi greinast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna | 106.124 | 56.631 |
| Afskrift langtímakostnaðar | 5.903 | |
| Fært í rekstur sem afskriftir | 112.027 | 56.631 |

| | Vátryggingar-fjárhæð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| 10. Vélar, áhöld og tæki samstæðunnar greinast þannig | 1.415.000 | 705.610 |
| Vélar, áhöld og tæki móðurfélagsins greinast þannig | 765.000 | 431.011 |

Vátryggingarupphæðin er miðuð við endurkaupsverð sambærilegra véla, áhalda og tækja.

11. Fasteignir greinast þannig:

| | Fasteignamat hús | Brunabóta-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Verksmiðjubygging að Bíldshöfða 9, móðurfélag | 450.428 | 664.694 | 391.373 |
| Verksmiðjubygging að Súðarvogi 4, móðurfélag | 179.039 | 266.984 | 258.419 |
| Fasteignir og lóð Swan Net Ltd, Írland | | 202.939 | 264.709 |
| Verksmiðjubygging í Pombal, Portúgal | | 110.284 | 97.585 |
| Fasteign í Walvis Bay, Namibíu | | | 14.611 |
| Fasteigir í Hirtshals og Skagen, Danmörku | | 336.567 | 336.567 |
| Samtals samstæða | 629.467 | 1.581.468 | 1.363.263 |

Fasteignamat leigulóða í lok ársins var kr. 172,9 milljónir.

12. Hampiðjan hf. hefur gert samning við Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf. um byggingu verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúss á lóðinni nr. 9 við Bíldshöfða í Reykjavík. Samningurinn gerir ráð fyrir að Hampiðjan fái ákveðinn hundraðshluta af því húsnæði sem reist verður á lóðinni ásamt peningagreiðslu.

Breytt deiliskipulag, sem eykur nýtingarhlutfall lóðarinnar, var samþykkt í borgarráði þann 24. apríl 2001 og auglýst í Stjórnartíðindum þann 25. maí 2001. Deiliskipulagið gefur kost á að tvö 8 hæða hús, samtals 12.870 fermetrar, verði reist á lóðinni. Verðmæti samningsins fyrir Hampiðjuna hf. er metið á 221 milljón. Þar af er hluti í húsnæði metinn á 69 milljónir og peningagreiðslur á 152 milljónir. Reiknað er með að lokið verði við byggingu húsnæðisins á næstu tveimur árum. Hluti Hampiðjunnar í byggingunni skal afhentur eigi síðar en 1. desember 2002.

Í uppgjöri fyrra árs voru 122 milljónir tekju- og eignfærðar vegna samningsins. Þar sem óvissa vegna breytinga á deiliskipulagi lóðarinnar er ekki lengur fyrir hendi, eru eftirstöðvar samningsins kr. 98,7 milljónir nú tekjufærðar í rekstrareikningi.

13. Á liðinn langtímakostnað hefur verið fært keypt yfirverð vegna kaupa á hlutabréfum í dótturfélögum. Langtímakostnaður afskrifast á fimm árum og sundurliðast eftirfarandi:

| | Samstæða |
|---|---|
| Yfirverð vegna kaupa á 60% hlutafjár í Cosmos | 30.577 |
| Yfirverð vegna kaupa á 61% hlutafjár í Hafi Ltd. í Noregi | 7.209 |
| Yfirverð vegna kaupa á 60% hlutafjár í Trawl Inv. á Írlandi | 6.227 |
| Endurmat og gengismunur | 4.412 |
| Afskrifað á árinu | (5.903) |
| Langtímakostnaður í lok árs | 42.522 |

## LANGTÍMASKULDIR

14. Yfirlit yfir langtímaskuldir samstæðu og móðurfélags:

| | Vextir | Samstæða | Vextir | Móðurfélag |
|---|---|---|---|---|
| Verðtryggð lán í íslenskum krónum | 6,8% | 37.688 | 6,8% | 37.688 |
| Í erlendum gjaldmiðlum: | | | | |
| Lán í USD | 3,6% | 461.939 | 3,6% | 457.308 |
| Lán í SEK | 5,2% | 42.025 | 5,2% | 42.025 |
| Lán í NOK | 8,4% | 19.132 | 8,4% | 19.132 |
| Lán í JPY | 1,8% | 129.140 | 1,8% | 129.140 |
| Lán í GBP | 5,6% | 77.158 | 5,6% | 77.158 |
| Lán í EUR | 5,4% | 349.290 | 5,4% | 349.290 |
| Lán í DEM | 4,2% | 2.236 | 4,2% | 2.236 |
| Lán í CHF | 3,2% | 65.867 | 3,2% | 65.867 |
| Lán í PTE | 0,0% | 86.755 | | |
| Lán í IEP | 6,4% | 79.794 | | |
| Lán í DKK | 7,0% | 264.422 | | |
| | | 1.577.758 | | 1.142.156 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun | | 1.615.446 | | 1.179.844 |
| Næsta árs afborgun | | (227.282) | | (162.263) |
| Langtímaskuldir samtals | | 1.388.164 | | 1.017.581 |

Framagreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok 2001.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu árum:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Árið 2002 | 227.282 | 162.263 |
| Árið 2003 | 229.175 | 163.280 |
| Árið 2004 | 226.986 | 164.178 |
| Árið 2005 | 210.053 | 159.638 |
| Árið 2006 | 192.937 | 154.916 |
| Árið 2007 | 183.454 | 154.703 |
| Síðar | 345.559 | 220.866 |
| Samtals | 1.615.446 | 1.179.844 |

## SKATTAMÁL

15. Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en í ársreikningi.
Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Breyting á tekjuskattsskuldbindingu sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í byrjun árs | 275.249 | 248.731 |
| Breyting tekjuskattsskuldbindingar í byrjun árs v. lækkunar skatthlutfalls | (99.492) | (99.492) |
| Tekjuskattur ársins | (4.384) | (2.440) |
| Hluti dótturfélaga | | 431 |
| Reiknaðar verðbætur | 12.954 | 9.240 |
| Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári | (2.473) | |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok árs | 181.854 | 156.470 |

## EIGIÐ FÉ

16. Nafnverð hlutafjár félagsins greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Hlutafé | 500.000 |
| Eigið hlutafé | (4.875) |
| Samtals | 495.125 |

17. Yfirlit yfir eigið fé samstæðunnar:

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 482.625 | 5.016 | 86.601 | 11.308 | 713.889 | 1.299.439 |
| Arður til hluthafa | | | | | (38.610) | (38.610) |
| Hagnaður ársins | | | | | 175.451 | 175.451 |
| Endurmat fastafjármuna | | | | 218.705 | | 218.705 |
| Reikn. tekjur v. verðl.br. | | | | (56.412) | | (56.412) |
| Breyting hlutabréfaeignar | | | | (17.997) | | (17.997) |
| Aukning hlutafjár | 12.500 | 43.650 | | | | 56.150 |
| Lagt í varasjóð | | | 8.773 | | (8.773) | |
| Endurmat eigin fjár | | | | (67.113) | 67.113 | |
| Samtals | 495.125 | 48.666 | 95.374 | 88.491 | 909.070 | 1.636.726 |

18. Yfirlit yfir eigið fé móðurfélagsins:

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 482.625 | 5.016 | 86.601 | 11.308 | 713.889 | 1.299.439 |
| Arður til hluthafa | | | | | (38.610) | (38.610) |
| Hagnaður ársins | | | | | 175.451 | 175.451 |
| Endurmat fastafjármuna | | | | 83.953 | | 83.953 |
| Reikn. tekjur v. verðl.br. | | | | (56.412) | | (56.412) |
| Breyting hlutabréfaeignar | | | | 116.755 | | 116.755 |
| Aukning hlutafjár | 12.500 | 43.650 | | | | 56.150 |
| Lagt í varasjóð | | | 8.773 | | (8.773) | |
| Endurmat eigin fjár | | | | (67.113) | 67.113 | |
| Samtals | 495.125 | 48.666 | 95.374 | 88.491 | 909.070 | 1.636.726 |

## SUNDURLIÐUN BREYTINGA Á EIGIN FÉ

19. Eigið fé félagsins í ársbyrjun nam kr. 1.299,4 milljónum sem jafngildir kr. 1.411,3 milljón í lok ársins miðað við 8,61% verðlagsbreytingu innan þess. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé kr. 1.636,7 milljón í lok ársins og er kr. 225,4 milljónum hærra en í ársbyrjun, miðað við verðlag í lok ársins.

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| Breytingin greinist þannig: | Samkvæmt ársreikningi | Á verðlagi í lok | Samkvæmt ársreikningi | Á verðlagi í lok |
| Eigið fé í ársbyrjun | 1.299.439 | 1.411.315 | 1.299.439 | 1.411.315 |
| Greiddur arður | (38.610) | (40.203) | (38.610) | (40.203) |
| Hagnaður ársins | 175.451 | 182.692 | 175.451 | 182.692 |
| Breyting hlutafjár | 56.150 | 56.150 | 56.150 | 56.150 |
| Endurmat að frádreginni verðbreytingarfærslu | 162.293 | | 27.541 | |
| Eignir sem fylgja ekki verðlagsbreytingum | (17.997) | 26.772 | 116.755 | 26.772 |
| Eigið fé í lok árs | 1.636.726 | 1.636.726 | 1.636.726 | 1.636.726 |

## VEÐSETNINGAR OG ÁBYRGÐASKULDBINDINGAR

20. Á eignum móðurfélags og samstæðunnar hvíla veð til tryggingar skuldum að upphæð kr. 1.992,6 milljónir. Bókfært verð veðsettra eigna sundurliðast á eftirfarandi hátt:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfært verð | Veðsetning | Bókfært verð | Veðsetning |
| Fasteignir | 1.251.067 | 1.500.459 | 649.792 | 1.156.243 |
| Hlutabréf í Granda hf. | 146.386 | 354.938 | 146.386 | 354.938 |
| Hlutabréf í Útgerðarfélagi Akureyringa hf. | 50.312 | 88.806 | 50.312 | 88.806 |
| Birgðir og viðskiptakröfur | 356.717 | 48.394 | 356.717 | 48.394 |
| Samtals | 1.804.482 | 1.992.597 | 1.203.207 | 1.648.381 |

21. Hampiðjan hf. ábyrgist greiðslu veðskuldabréfa er fengust við sölu fasteignanna Stakkholts 2 - 4 og Stakkholts 3, sem seld voru árið 1994. Uppreiknaðar eftirstöðvar þeirra með áföllnum vöxtum í árslok eru kr. 199,8 milljónir. Síðasti gjalddagi bréfanna er í maí 2007. Skuldabréfin eru tryggð með 1. til 6. veðrétti fasteignanna. Skuldabréfin eru verðtryggð með lánskjaravísitölu og bera 5% fasta vexti.

22. Hampiðjan hf. hefur skuldbundið sig með kaupréttarsamningi til að selja hlutabréf í félaginu að nafnverði kr. 5.667 þús. á næstu tveimur til þremur árum á genginu fjórum.

23. Hampiðjan hf. hefur ábyrgst greiðslu langtímaláns dótturfélagsins Cosmos Trawl sem það tók hjá Jyske Bank á Jótlandi. Upphæð lánsins er kr. 135 milljónir í lok ársins.

## FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

24. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Vextir, verðbætur og gengismunur langtímaskulda | (292.066) | (258.869) |
| Verðbreytingarfærsla vegna langtímaskulda | 110.429 | 110.429 |
| Raunvextir langtímaskulda | (181.637) | (148.440) |
| Vaxtagjöld skammtímaskulda að frádregnum vaxtatekjum og verðbr. færslu | (63.421) | (42.166) |
| Arður af eignarhlutum | 12.479 | 12.479 |
| Önnur vaxtagjöld og fjármunatekjur | (50.942) | (29.687) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | (232.579) | (178.127) |

25. Laun stjórnar, forstjóra, helstu stjórnenda og kjörinna skoðunarmanna móðurfélagsins vegna starfa fyrir félög innan samstæðunnar námu kr. 58,1 milljónum á árinu.